

## **Aganefnd LH**

### **Mál nr. 1/2005**

Aganefnd LH kom saman 1. júní 2005. Í aganefnd eru Guðni Indriðason formaður, Atli Már Ingólfsson, Þorvaldur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson og Sæþór Fannberg.

#### **Tekið er fyrir mál nr. 1/2004,**

Frá yfirdómnefnd á úrtökumóti Snæfellinga, Grundarfirði, 28. maí 2005/ Illugi G Pálsson og Ámundi Sigurðsson keppendur mótsins.

Tekin er fyrir skýrsla yfirdómnefndar á móti Snæfellinga sem haldið var í Grundarfirði, 28. maí 2005.

Yfirdómnefnd mótsins skipuðu:

Valdimar Ólafsson, yfirdómari

Bjarni Jónasson, mótstjóri

, fulltrúi knapa.

Fyrir liggur skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

#### **Málsatvik:**

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að knapi, Ámundi Sigurðsson, fékk ekki dóm vegna þess að hann hafi farið af skeiðbraut að skammhlið fjær, en eftir samtal við Sigurð Ævarsson var sú ákvörðun tekin til baka.

Illugi Pálsson keppandi kærir þann úrskurð og taldi sig hafa getað gert betri sýningu hafi hann einnig fengið að fara inná langhlið.

Vitnar hann þar í knapafund og samhæfingarfundi dómara.

#### **Niðurstaða aganefndar LH:**

Niðurstaða Aganefndar LH er að mál þettað á að klára í mótsstað samkvæmt lögum LH og vísar því þessum málum frá.

#### **Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:**

##### **2.7.8 Kæurur**

Kæur geta einungis þátttakendur, starfsmenn og dómara borið fram, en þó ekki síðar en hálf tíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kæur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp úrskurð sinn í samræmi við 2.6.4.3 og 2.7.9.3. grein agalaga LH.

Kæur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt.

Kæur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Tryggingin er endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærunum.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 01.06.2004

Guðni Indriðason

Atli Már Ingólfsson

Þorvaldur Sigurðsson

Þórarinn Þórarinsson

Sæþór Fannberg